

Skóli

Lýðræði

Upplýsingarit

Nafn nemanda

Áfangi

Efnisyfirlit

1	LÝÐRÆÐI	3
1.1	HUGTAKIÐ	3
1.1.1	<i>Fulltrúalýðveldi</i>	3
1.1.2	<i>Beint lýðræði</i>	3
1.2	SKILYRÐI LÝÐRÆÐIS.....	3
2	KOSNINGARÉTTUR	4
2.1	KOSNINGAKERFI	4
2.1.1	<i>Lýðræðislegt samfélag</i>	4
3	HEIMILDIR	5

1 Lýðræði

Orðið lýðræði getur annars vegar snúið að því hvernig grunnstofnunum er fyrir komið í samfélagini og hvernig fólk velur valdhafa eða skiptir um þá. Einnig getur lýðræði snúist um það hvernig taka skuli ákvarðanir í hópi fólks.

Frjálsar kosningar skipta máli ásamt opinni og almennri rökræðu. Sumir fræðimenn leggja þó meiri áherslu á opna og frjálsa samkeppni hugmyndanna. (Ólafur Páll Jónsson, 2009)

1.1 Hugtakið

Lýðræði er vítt hugtak yfir þær stjórnmálastefnur sem byggja á þáttöku almennings í ákvörðunum er hann varðar. Grunnútgangspunkturinn er því að valdið í tilteknu samfélagi manna eigi sér frumupp-sprettu hjá fólkini.

Fyrr á öldum, allt fram að nútímanum, var fullveldi talið til óskoraðs guðdómleika konunga á Vesturlöndum. Almenningur létt ekki til sín taka fyrr en í frönsku býtingunni. Í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna var vísað til sameiginlegs „réttar fólksins“ sem ekki hafði áður spurst til.

1.1.1 Fulltrúalýðveldi¹

Fulltrúalýðræði er algengasta mynd lýðræðis í dag. Sökum takmarkana á tíma og aukinnar sérþekkingar sem þarf til þess að taka ákvarðanir um hin ýmsu mál sem skipta máli hefur orðið til sérhæfð verkaskipting þar sem stjórnámamenn bjóða sig fram til embætta. Stjórnámennirnir þiggja umboð fólksins í kosningum og gerast þannig fulltrúar almennings og taka ákvarðanir fyrir hans hönd.

1.1.2 Beint lýðræði

Beint lýðræði felur í sér að almenningur tekur beinan þátt í ákvarðanatöku, án fulltrúa eða annarra milliliða. Beint lýðræði er sjaldgæfara stjórnarfyrirkomulag en sem dæmi um það má nefna mikilvægi þjóðaratkvæðagreiðslna í Sviss.

Árið 1184 var klaustur af Ágústínusarreglu flutt frá Flatey að Helgafelli og eftir það var staðurinn menntasetur og höfuðstaður bóklegrar iðju á Vesturlandi. Uppi á Helgafelli er tóft, hlaðinn úr hellugrjóti sem talin er vera rúst af kapellu munkanna.

1.2 Skilyrði lýðræðis²

Nokkur skilyrði þarf að uppfylla til þess að stjórnarfari geti talist lýðræðislegt. Valdhafa þarf að kjósa. Kosningar skal halda með reglulegu millibili sem má ekki vera mjög langt. Tímabilið milli kosninga er nefnt kjörtímabil og er fjögur ár að meðaltali eða þar um bil.

Einnig þarf að ríkja tjáningarfrelsi því ef því er stjórnað hvað fólk er sagt getur það ekki tekið upplýstar ákvarðanir. Þessu fylgir að fólk þarf að hafa aðgang að mismunandi upplýsingum.

Tiltölulegt frelsi þarf að ríkja meðal fjölmöðla. Ýmis borgaraleg réttindi þurfa að vera til staðar, s.s. félagafrelsi, til þess að fólk geti saman unnið að hagsmunamálum sínum.

Benda verður á að þótt ríki teljist réttarríki og stjórnarskráin hafi fögur fyrirheit að geyma þýðir það ekki að reyndin sé svo. Í Sovétríkjum kommúnismans setti Stalín stjórnarskrá í desember 1936 þar sem í orði kveðnu var tryggt mál-, prent- og félagafrelsi, en reyndin varð önnur.

¹ Sögulega er eitt þekktasta dæmið um beint lýðræði frá Forn-Grikklandi, þegar borgríkið Aþena var og hét.

² Tiltölulegt frelsi þarf að ríkja meðal fjölmöðla. Ýmis borgaraleg réttindi þurfa að vera til staðar, s.s. félagafrelsi, til þess að fólk geti saman unnið að hagsmunamálum sínum.

2 Kosningaréttur

Rétturinn til þess að kjósa, kosningarétturinn, er takmarkaður. Víðast hvar er miðað við 18 ára kosningaaldur, það að borgarar nái fullorðinsaldri, og að viðkomandi sé ríkisborgari þess lands þar sem kosið er. Sums staðar eru aðrar takmarkanir og í sögunni hefur tilökast að binda kosningarétt meðal annars við þjóðerni, kyn, kynþátt og eignir.

Á Íslandi fengu konur fyrst kosningarétt árið 1915. Í Sviss þurftu þær seinustu að bíða þess allt til ársins 1990 (Sviss er sambandsríki 26 kantóna sem hver fyrir sig er nokkuð sjálfstæð. Fyrsta kantónan í Sviss löggleiddi kosningarétt kvenna árið 1959.) (Lýðræði, 2022)

2.1 Kosningakerfi

Miklu máli skiptir hvernig kosningakerfi er í landinu, hvort um sé að ræða hlutfallslega listakosningu eða ein- eða tvímenninguskjördæmi. Fyrst þarf að ákvarða hversu mörg kjördæmin eiga að vera. Í Ísrael er landið allt eitt kjördæmi en kjördæmi Íslands eru nú sex talsins.

2.1.1 Lýðræðislegt samfélag³

Þegar talað er um lýðræðislegt samfélag þá tvinnast ákvörðunarlyðræði og stjórnskipunarlýðræði saman á margvislegan hátt. Í lýðræðislegu samfélagi einkennist skipulag valdastofnana af valddreifingu, einkum þannig að:

- þær skiptast með skýrum hætti í dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdavalda
- á milli þessara þriggja valdsviða er skýr verkaskipting þannig að bæði dómsvaldið og löggjafarvaldið séu óháð framkvæmdavaldinu og
- það vald, sem fylgir tilteknun embættum, er ekki bundið forréttindum heldur sé því úthlutað á jafnræðisgrundvelli, til dæmis í frjálsum og sanngjörnum kosningum

Dagsetning í dag

Undirskrift nemanda

³ Hér skipta frjálsar kosningar miklu máli, en líka opin og almenn umræða, aðgangur að upplýsingum og margvislegt samráð.

3 Heimildir

Lýðræði. (2022, 8. nóvember). *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið*.

//is.wikipedia.org/w/index.php?title=L%C3%BD%C3%B0r%C3%A6%C3%BD&oldid=1777094

Ólafur Páll Jónsson. (2009, 27. febrúar). *Hvað er lýðræði?* Vísindavefurinn.

<http://visindavefur.is/svar.php?id=16021>